


ÁRSSKÝRSLA UM STÖRF FERÐAMÁLARÁÐS ÍSLANDS



Ferðamálaráð Íslands
Lækjargata 3
101 Reykjavík
S: 552 7488
F:5624749

EKKI TIL ÚTLÁNS
A 6.



FERÐAMÁLARÁÐ ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA UM STÖRF FERÐAMÁLARÁÐS ÍSLANDS 1984

ásamt yfirliti um fjölda erlendra ferðamanna
og gjaldeyrstekjur.

MEÐLIMIR FERÐAMÁLARÁÐS

Árið 1984 var ár mikilla mannbreytinga hjá Ferðamálaráði Íslands. Nýtt Ferðamálaráð var skipað og tók til starfa þann 1. júlí 1984.

Eftirtaldir menn hættu þá sem fulltrúar í Ferðamálaráði:

Heimir Hannesson, formaður
Þorvaldur Guðmundsson, (varamaður)
Gerður Steinþórsdóttir, (varamaður)
Jónatan Þórisson, (varamaður)
Steinn Lárusson,
Júlía Sveinbjarnardóttir, (varamaður)
Sveinn Sæmundsson,
Karl Sigurhjartarson, (varamaður)
Magnús E. Guðjónsson,
Unnar Stefánsson, (varamaður)
Hörður Guðmundsson, (varamaður)

Öllum þessum mönnum er mér bæði ljúft og skylt að þakka mikil og góð störf í þágu Ferðamálaráðs og íslenskra ferðamála.

Nýskipað Ferðamálaráð er skipað eftirtöldum mönnum án tilnefningar:

Formaður: Kjartan Lárusson.
Varaform.: Ólafur Steinar Valdimarsson,
Konráð Guðmundsson.
Varamenn: Sigríður Snævarr,
Sigurður Sigurðsson,
Skúli Þorvaldsson.

Aðrir meðlimir Ferðamálaráðs sem samgöngumálaráðherra skipar samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

Félag hópferðamanna:
Skarphéðinn D. Eypórsson
Valdimar Sigmarsson, (varamaður).

Félag íslenskra ferðaskrifstofa:
Böðvar Valgeirsson
Íslaug Aðalsteinsdóttir, (varamaður)

Félag leiðsögumanna:
Birna G. Bjarnleifsdóttir
Friðrik Haraldsson, (varamaður)

Félag sérleyfishafa:
Ágúst Hafberg
Gunnar Sveinsson, (varamaður)

Ferðafélag Íslands:
Lárus Ottesen
Sveinn P. Jakobsson, (varamaður)

Flugleiðir hf.:

Sigfús Erlingsson

Hans Indriðason, (varamaður)

Náttúruverndarráð:

Jón Gauti Jónsson

Páll Líndal, (varamaður)

Samband íslenskra sveitafélaga:

Logi Kristjánsson

Birgir L. Blöndal, (varamaður)

Samband veitinga- og gistihúsa:

Bjarni I. Árnason

Áslaug S. Alfreðsdóttir, (varamaður)

Önnur flugfélög en Flugleiðir hf.:

Magnús Oddsson

Halldór Sigurðsson, (varamaður)

Stéttarsamband bænda:

Hákon Sigurgrímsson

Gísli Andrésson, (varamaður)

Lúðvíg Hjálmtýsson ferðamálastjóri lét af störfum fyrir aldur sakir þann 30. september sl. Hann hafði þá gegnt starfi formanns og framkvæmdastjóra frá stofnun ráðsins 1964 til 1976 að hann var skipaður fyrsti ferðamálastjóri Íslands.

Í raun hafi hann því gegnt embætti ferðamálastjóra í 20 ár.

Atvinnugreinin íslensk ferðaþjónusta stendur í mikilli þakkar-skuld við Lúðvíg Hjálmtýsson fyrir hans mörgu og farsælu störf í þágu íslenskra ferðamála.

Frá 1. október sl. var sá sem þetta ritar skipaður ferðamálastjóri í stað Lúðvígs Hjálmtýssonar.

Á fyrsta fundi hins nýja Ferðamálaráðs þann 27. júlí 1984 var kosið í stjórn og nefndir ráðsins og eru þær nú þannig skipaðar:

Framkvæmdastjórn:

Kjartan Lárusson, formaður

Konráð Guðmundsson

Sigfús Erlingsson

Varamenn:

Böðvar Valgeirsson

Magnús Oddsson

Stjórnarnefnd Ferðamálasjóðs:

Bjarni Árnason, formaður

Lárus Ottesen

Logi Kristjánsson

Varamenn:

Hákon Sigurgrímsson

Umhverfisnefnd:

Birna G. Bjarnleifsdóttir, formaður

Gísli Gíslason

Skarphéðinn D. Eypórsson

Lárus Ottesen

Hákon Sigurgrímsson.

KOSTNAÐUR VIÐ REKSTUR FERÐAMÁLARÁÐS 1984

Heildarkostnaður við rekstur Ferðamálaráðs á árinu 1984 var:
21.491.844 kr.

og skiptist þannig á helstu málaflokkana:

Laun og almennur rekstur skrifstofu: 4.795.331.- kr.

Landkynning: 11.899.846.- kr.

Umhverfismál: 3.476.190.- kr.

Önnur starfsemi: 1.320.477.- kr.

Eins og á undanförunum árum bárust Ferðamálaráði ekki lög-
bundnar greiðslur af sölu Friðhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli. Í
mars náðist loks samkomulag um að Ferðamálaráð fengi 30% af
skilafé Friðhafnarinnar og var það fé greitt út í skömmtum fram
eftir árinu. Þessi aðferð við fjármögnun á starfsemi ráðsins er
vitaskuld með öllu óviðunandi og ekki í anda þeirrar miklu um-
fjöllunar um nýskipan í atvinnulífi landsins sem nú fer fram.

FUNDAHÖLD FERÐAMÁLARÁÐS

Ferðamálaráð hélt 18 bókaða fundi á árinu.

Fjöldi funda í stjórnnum og nefndum Ferðamálaráðs var sem hér
greinir:

Framkvæmdastjórn: 41

Sjóðsstjórn: 22

Umhverfisnefnd: 23.

FERÐASÝNINGAR ERLENDIS

Ferðamálaráð tók þátt í eftirtöldum ferðasýningum á árinu 1984:

ITB í Berlín

REJS 1984 í Kaupmannahöfn

WTM í London

Auk þess var Ferðamálaráð eitt 10 íslenskra fyrirtækja, sem
stóðu að Íslandskynningu á Bretlandseyjum í nóvember 1984,
annað árið í röð. Að þessu sinni voru borgirnar Edinborg, Bir-
mingham og London heimsóttar. Allar þessar upptökur þóttu



takast með afbrigðum vel og vonandi að þeir sem að stóðu og vörðu til þessa verkefnis töluverðum fjármunum hafi árangur sem erfiði. Mikil og góð samvinna var við íslensku flugfélögin, Flugleiðir og Arnarflug, um hvers konar landkynningarstarfsemi erlendis og Íslandsferðir u.þ.b. 80 blaðamanna frá Evrópu og 10 frá Bandaríkjunum. Af eðlilegum ástæðum var samvinnan við Flugleiðir umfangsmeiri enda rekur það félag meiri og öflugri starfsemi erlendis.

NT OG ETC

Þátttaka Ferðamálaráðs í starfsemi Nordisk Turistråd og European Travel Commission var með hefðbundnum hætti. Hvorutveggja samtökin vinna merkilegt starf á sviði ferðamála og nýtur Ferðamálaráð mikils góðs af aðild af þessum samtökum fyrir tiltölulega lítið fé.

SKRIFSTOFUR ERLENDIS

Í samvinnu við önnur Norðurlönd var rekin skrifstofa í New York eins og verið hefur undanfarin ár.

Forstöðumaður skrifstofunnar er Unnur K. Georgsson.

Að afloknum samningaviðræðum sem staðið höfðu frá því um haustið 1983 var undirritaður samningur 19. júní 1984 um starfsemi og rekstur landkynningarskrifstofu á meginlandi Evrópu. Samningsaðilar eru eftirtaldir og hlutdeild þeirra sýnd innan sviga:

Ferðamálaráð Íslands (56%)

Flugleiðir hf. (18%)

Arnarflug hf. (14%)

Ferðaskrifstofa ríkisins (4%)

Félag íslenskra ferðaskrifstofa (4%)

Samband veitinga- og gistihúsa (4%)

Starfsemin hófst þann 1. júlí 1984 og Ómar Benediktsson, sem áður hafði starfað hjá Ferðamálaráði ráðinn forstöðumaður.

Síðan var ákveðið að opna skrifstofu í Hamborg um áramótin 1984-1985. Of snemmt er að dæma um árangur þessarar tilraunar til aukinnar landkynningar en upphafið lofar góðu. Það verður að teljast ákaflega ánægjulegt og stórt skref til aukinnar samvinnu hagsmunaaðila í íslenskri ferðaþjónustu að tekist hefur að koma þessari starfsemi á laggirnar. Þökk sé öllum þeim sem sýndu stórhug og framsýni í þessu máli.




UMHVERFISMÁL Á ÍSLANDI

Í fyrsta skipti í sögu Ferðamálaráðs var veitt umtalsverðri fjárhæð til uppbyggingar og lagfæringar á tjaldsvæðum, göngu- og ökuleiðum, hreinlætisaðstöðu, byggingu smáhúsa og fleiri atriða. Upphæðin sem hér um ræðir var kr. 3.250.000 og skiptist nokkuð jafnt eftir landshlutum.

Guðmundur Magnússon kennari var ráðinn til starfa í 2½ mánuð og ferðaðist hann um landið og hafði umsjón með framkvæmdum og gerð tillagna til frekari umbóta. Árangurinn af starfi Guðmundar var m.a. ítarleg skýrsla í 2 bindum um ástand fjölmargra staða víðsvegar um landið.

Ekki fer á milli mála að Ferðamálaráð verður að leggja áherslu á umhverfismál á næstu árum og á ég þá við verndun einstakra fjölsótttra staða og landssvæða. Ennfremur verður að halda áfram uppbyggingu nýrra tjaldsvæða og endurbæta þau sem fyrir eru. Ennþá skortir mikið á að hreinlætisaðstaða og salernismál séu komin í nægilega gott horf og mikið starf ennþá óunnid á því sviði.

Þær framkvæmdir sem hér eru nefndar kosta mikið fé. Nauðsynlegt er því að vinna skipulega að úrbótum og í réttri forgangsröð að mati þeirra sem best þekkja til. Flestum þeim er starfa að ferðamálum er vel ljóst nauðsyn myndarlegs átaks á sviði umhverfismála og sú staðreynd að möguleikar landsins sem ferðamannalands minnka til muna ef við látum eyðileggja vinsælustu ferðamannastaðina fyrir augum okkar. Samstarf þarf að hafa við ferðamálasamtökin í landshlutunum, Náttúruverndarráð og ef til vill fleiri aðila um þessi mál ef viðunandi árangur á að vera í auglýn.



FERÐAMÁLASJÓÐUR

Ferðamálasjóður var stofnaður með lögum um ferðamál nr. 29/1964. Lög þessi hafa verið endurskoðuð og eru núgildandi lög nr. 60/1976. Lánveitingar úr sjóðnum eru háðar samþykki Ferðamálaráðs og skulu staðfestar af ráðherra. Skipuð er sérstök nefnd (sjóðstjórn) sem gerir tillögur um lánveitingar úr sjóðnum.

Frá áramótum 1983-1984 og fram að 30. júlí var stjórn Ferðamálasjóðs skipuð sem hér segir: Heimir Hannesson, formaður, Lárus Ottesen, varaformaður og Bjarni I. Árnason. Starfsmaður sjóðsins var Ómar Benediktsson. (Kjartan Kjartansson var starfsmaður sjóðsins um 2ja mán. skeið máí-júní).

30. júlí 1984 mætti ný stjórn á sinn fyrsta fund. Fundinn sátu Bjarni I. Árnason formaður, Lárus Ottesen, Ágúst Hafberg og nýráðinn starfsmaður sjóðsins Kristinn Helgason.

Í októberlok tók Logi Kristjánsson sæti Ágústar Hafberg.

Tilgangur:

Tilgangur Ferðamálasjóðs er samkvæmt lögum að stuðla að þróun íslenskra ferðamála og veita stofnlán til þeirra starfsgreina sem ferðamannaþjónusta byggist einkum á. Fé sjóðsins má ráðstafa á eftirfarandi hátt:

1. Sjóðurinn veitir einka- og opinberum aðilum lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði.
2. Sjóðnum er heimilt að veita einka- og opinberum aðilum lán til annarra þátta ferðamála en í 1. lið greinir, svo framarlega sem með lánveitingunni er stuðlað að þróun íslenskra ferðamála.
3. Sjóðnum er heimilt að veita óafturkræf framlög (30%) til byggingar gistirýmis, eða gerast eignaraðili að gistiaðstöðu, hvar sem rekstri er haldið uppi allt árið.

Starfsemi:

Meginþáttur í starfsemi Ferðamálasjóðs er veiting fjárfestingarlána til fyrirtækja er starfa að þjónustu við ferðafólk. Lögð er áhersla á að fjármögnun framkvæmda sé tryggð fyrirfram og að lánveiting raski ekki eðlilegri hlutdeild eigin fjár í fyrirtækjum. Þannig er að jafnaði krafist 50% eigin fjármögnunar framkvæmda.

Starfsemi Ferðamálasjóðs árið 1984

Á árinu 1984 gerði stjórn sjóðsins tillögur um 23 lánveitingar en 22 árið áður.

Upphæðir lánveitinga voru samtals kr. 35,5 millj. (þar af kr. 2,5 millj. vegna skuldbreytinga). Útborguð lán voru því 33,0 millj. kr. árið 1984. Árið 1983 voru samþykktar lánveitingar að upphæð kr. 23,7 millj., en útborguð lán námu samtals 18,8 millj. kr. Nemur því aukningin á útborguðum lánum því 75% milli árana 1983 og 1984.



Dreifing lánveitinga um landið var eftirfarandi á árunum 1983 og 1984:

	1984		1983	
	Þús.kr.	%	Þús.kr.	%
Reykjavík	9.500	27	5.500	23
Vesturland	1.750	5	550	2
Vestfirðir	500	1	900	4
Norðurl.v.	2.122	6	150	1
Norðurl.e.	9.926	28	4.175	18
Austurland	3.260	9	3.200	13
Suðurl.Vm.	7.400	21	9.300	39
Reykjanes	1.000	3	-	-
	35.458	100.0	23.775	100.0

Tekjur sjóðsins

- a) Vextir, verðbætur og lántökugjald námu árið 1984 alls 43,0 millj. kr.
- b) Lánsfé. Á árinu 1984 tók sjóðurinn 36,0 millj. kr. lán hjá Framkvæmdasjóði Íslands.


Ráðstöfun.

- a) Vextir, vísitölugreiðslur og lántökugjöld námu alls 37,5 millj.kr.
- b) Verðbreytingafærsla var neikvæð um 8,0 millj. kr.
- c) Rekstrarkostnaður varð 291 þús. kr.
- d) Útborguð lán á árinu 1984 námu samtals 33,0 millj. kr.

Lánakjörin eru þau að 60% lánveitinga eru verðtryggðar skv. lánskjaravísitölu með 5.75% ársvöxtum, og 40% lánveitinga eru gengistryggðar miðað við bandaríkjadollar með breytilegum vöxtum. Lánstími er allt að 12 ár.

FJÖLDI ERLENDRA FERÐAMANNA TIL LANDSINS

Erlendum ferðamönnum sem leið sína lögðu til Íslands fjölgaði úr 77.592 árið 1983 í 85.290 árið 1984. Hér er um að ræða tæplega 10% aukningu og hafa aldrei fleiri erlendir gestir heimsótt Ísland á einu ári.



	1984	1983	Breyting %
Bandaríki Norður-Ameríku	27293	24915	9.5
Önnur lönd í Ameríku	1299	1359	-4.4
Danmörk	7759	6665	14.9
Svíþjóð	6699	5554	20.6
Noregur	6055	5345	13.3
Finnland	2003	1821	10.0
Stóra-Bretland	9398	8868	6.0
Írland	226	413	-45.3
Vestur-Pýskaland	9615	8765	9.7
Frakkland	4846	3922	23.6
Belgía	499	624	-20.0
Holland	1610	1506	6.9
Luxemborg	88	157	-43.9
Austurríki	1473	1252	17.7
Sviss	2689	2600	3.4
Ítalía	1033	1054	-2.0
Spánn	277	440	-37.0
Portúgal	65	79	-17.7
Grikkland	66	48	37.5
Sovétríkin	211	196	7.7
Pólland	140	74	89.2
Austur-Pýskaland	31	56	-44.6
Júgóslavía	105	65	61.5
Tékkóslóvakía	76	76	0.0
Búlgaría	15	2	650.0
Ungverjaland	62	45	37.8
Rúmenía	7	13	-46.2
Afríka-Asía	1179	1205	-2.2
Ástralía-Nýja Sjáland	424	438	-3.2
Aðrir	47	35	14.3
Samtals	85290	77592	9.8

Varðandi nánari upplýsingar um skiptingu gesta okkar eftir þjóðernum vísast til línurita 1,2,3,4 og 5.


Auk þess komu 15 skemmtiferðaskip til landsins árið 1984 og með þeim 7.297 farþegar.

LÍNURIT

Línurit 1. Ferðamenn til og frá Íslandi árin 1965 til 1984.


Þús.

10³




Línurit 2. Fjöldi ferðamanna frá Norðurlöndum árin 1969 til 1984


Fjöldi




Línurit 3. Fjöldi ferðamanna frá nokkrum löndum árin 1969 til 1984



Línurit 4. Erlendir ferðamenn til Íslands eftir mánuðum



Línurit 5. Erlendir ferðamenn til Íslands eftir mánuðum



TALNING GISTINÁTTA


Þann 1. júní rættist langþráður draumur um að hefja talningu gistnátta eftir þjóðerni. Hagstofa Íslands tók að sér þetta verkefni. Heldur hefur reynst erfitt að ná þessum tölum saman frá hinum ýmsu gististöðum og hótélum og þegar þetta er skrifað liggja ekki ennþá fyrir tölur frá sl. ári. Það er mjög áriðandi fyrir alla þætti ferðaþjónustunnar að sem best verði staðið að framkvæmd þessa máls, en niðurstöður gistináttatalninga eru hvarvetna í heiminum grundvöllur allra áætlunargerða um uppbyggingu og landkynningu.



GJALDEYRISTEKJUR FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Samkvæmt tölum Seðlabanka Íslands námu gjaldeyrstekjur af þjónustu við ferðamenn samtals kr. 2.017.000, en voru kr. 1.697.000 árið 1983. Aukningin er 320 milljónir eða 18.9%. Það er athyglisvert að tekjurnar aukast að þessu sinni um nálega tvöfaldan hundradshluta miðað við fjölgun erlendra ferðamanna. Auk þess er það opinbert leyndarmál að duldar gjaldeyrstekjur nema umtalsverðri upphæð og koma ekki til skila í gegnum bankakerfi landsmanna nema þannig að Íslendingar kaupa eitthvað minni gjaldeyri til utanlandsferða en ella hefði verið.

Eftirfarandi yfirlit Seðlabankans sýnir tekjur af erlendum ferðamönnum á árinu 1984, samkvæmt gjaldeyriskaupum bankanna, vegna útgjalda erlendra ferðamanna hér á landi. Til samanburðar eru sýndar samsvarandi tölur ársins 1983 umreiknaðar til sambærilegs gengis, þar er meðalviðskiptagengis 1984 samkvæmt vísitölu meðalgengis.



Gjaldeyriskaup bankanna vegna erlendra ferðamanna.

Í m.kr.	1983	1984
Keypt af frihöfn, Keflavíkurflugvelli	81	100
Keypt af Íslenskum markaði, Keflavíkurflugvelli	74	64
Keypt af ferðaskrifstofum	89	144
Keypt af hótélum	20	66
Keypt af verslunum	44	55
Keypt af bílaleigum	16	9
Keypt vegna veiðileyfa	21	28
Keypt af öðrum	442	621
Samtals	787	1087

Auk framangreindra gjaldeyriskaupa, bankanna vegna erlendra ferðamanna námu kaup erlendra ferðamanna á íslenskum peningaseðlum erlendis 13 m.kr. á árinu 1984 á móti 8 m.kr. 1983 reiknað á gengi ársins 1984.

Framangreind gjaldeyriskaup bankanna vegna erlendra ferðamanna á árinu 1984 sundurliðast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Millj.ísl.kr.
Í Bandaríkjadollurum	588
Í Sterlingspundum	104
Í Kanadadollurum	10
Í dönskum krónum	67
Í norskum krónum	48
Í sænskum krónum	34
Í finnskum mörkum	8
Í frönskum frönkum	37
Í belgískum frönkum	8
Í svissneskum frönkum	29
Í hollenskum gyllinum	12
Í vestur-þýskum mörkum	122
Í ítölskum lírum	1
Í austurrískum schillingum	8
Í spönskum pesetum	8
Í írskum pundum	1
Í öðrum myntum	2
Samtals	1087

Tekjur íslenskra flugfélaga af fargjöldum erlendra ferðamanna milli Íslands og umheimsins hafa verið lauslega áætlaðar 930 m.kr. á árinu 1984 á móti 910 m.kr. á árinu 1983 umreiknað til 1984 gengis.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjaldeyrissölu bankanna vegna ferðakostnaðar Íslendinga erlendis á árinu 1984 og til samanburðar eru sýndar samsvarandi tölur ársins 1983 umreiknað til 1984 gengis samkvæmt vísitölu meðalgengis.

Gjaldeyrissala bankanna vegna ferðakostnaðar Íslendinga erlendis.

Í m.kr.	1983	1984
Verslunar- og viðskiptaferðir	334	676
Almennur ferðakostnaður	1084	1490
Samtals	1418	2166

Auk framangreindrar gjaldeyrissölu bankanna vegna ferðakostnaðar Íslendinga erlendis nam sala á íslenskum peningaseðlum erlendis 1 m.kr. á árinu 1984 á móti 2 m.kr. 1983 reiknað á gengi ársins 1984.

Sundurliðun á gjaldeyrissölu bankanna vegna ferðakostnaðar eftir gjaldmiðlum á árinu 1984 er sýnd á eftirfarandi yfirliti:

Gjaldeyrissala bankanna vegna ferðakostnaðar skipt á gjaldmiðla.

	í milljónum kr.
Í Bandaríkjadollurum	1053
Í Sterlingspundum	279
Í Kanadadollurum	5
Í dönskum krónum	179
Í norskum krónum	42
Í sænskum krónum	59
Í finnskum mörkum	6
Í frönskum frönkum	26
Í belgískum frönkum	12
Í svissneskum frönkum	7
Í hollenskum gyllinum	58
Í vestur-þýskum mörkum	267
Í ítölskum lírum	17
Í austurrískum schillingum	11
Í portúgölskum escudos	4
Í spönskum pesetum	139
Í öðrum gjaldmiðlum	2
Samtals	2166

STOFNUN FERÐAMÁLASAMTAKA

Fyrstu ferðamálasamtökin í kjördæmum landsins, Ferðamála-samtök Vesturlands, voru stofnuð í Borgarnesi þann 1. maí 1982. Síðar á sama ári stofnuðu sunnlendingar Ferðamálasamtök Suðurlands. Á árinu 1984 voru stofnuð Ferðamálasamtök Vest-fjarða, Ferðamálasamtök Reykjaness og Ferðamálasamtök Norðurlands sem ná yfir bæði kjördæmin á Norðurlandi, en önnur ferðamálasamtök starfa innan viðkomandi kjördæma. Ferðamálasamtök Austurlands verða stofnsett á yfirstandandi ári og vonandi verða samtök hagsmunaaðila og áhugamanna einnig stofnsett í Reykjavík, en nú starfar svonefnd „Samstarfs-nefnd um ferðamál“ í Reykjavík.


Ég hefi haft mikla ánægju af að taka þátt í undirbúningi að stofn-un og stofnfundum ferðamálasamtakanna svo og stofnun eins-takra ferðamálafélaga víða um landið. Góð og ánægjuleg kynni mín af öllu því ágæta fólki, sem að málinu hafa staðið í öllum kjördæmum landsins, hafa sannfært mig um að það var rétt stefna að stofna til ferðamálasamtaka í kjördæmunum og jafn-framt aukið trú mína á framtíð íslenskrar ferðaþjónustu sem at-vinnugreinar. Matthías Bjarnason samgönguráðherra varð síðan við ósk ferðamálasamtakanna um að heimila þeim að senda full-trúa á fundi Ferðamálaráðs og skyldu þeir hafa bæði málfrelsi og tillögurétt á fundum. Þessi ákvörðun er örugglega mikilvæg



m.t.t. áframhaldandi uppbyggingar á hvers konar aðstöðu til ferðaþjónustu í landinu.

KÖNNUN HAGVANGS

Snemma á árinu var gerður samningur við ráðgjafafyrirtækið Hagvang um að fyrirtækið tæki að sér að gera könnun á ferðavenjum Íslendinga um eigið land. Það verk var unnið í tveim áföngum á sumarmánuðum og umfangsmikilli skýrsku um niðurstöður skilað í febrúar sl. Ekki er ástæða til að tíunda hér einstaka niðurstöður könnunarinnar enda hefur skýrslunni verið dreift víða og verður væntanlega til umræðu á ferðamálaráðstefnunni í Vestmannaeyjum 13.-15. september 1985.



LOKAORÐ

Það fer ekki á milli mála að atvinnugreinin íslensk ferðaþjónusta hefur mikinn meðvind í þjóðfélaginu um þessar mundir. Stjórn-málamenn landsins veita nú ferðamálum aukna athygli miðað við það sem áður var og eru að byrja að trúa á ferðaþjónustuna sem alvöruatvinnugrein á Íslandi.

Með tilliti til þess að um 5.500 ársstörf hafi verið að ræða á árinu 1984 og fyrirsjáanlegrar aukningar á næstu árum verður heldur ekki lengur hjá því komist. Víða á landinu eru einstaklingar og fyrirtæki að hefja nýja þjónustu við ferðamenn eða bæta þá sem fyrir var. Framfarir á sviði samgöngumála eru einnig miklar og áþreifanlegar, bæði innanlands og við önnur lönd.

Nú eins og ævinlega skulum við samt gæta þess að ganga hægt um gleðinnar dyr, því fljótt skipast oft veður í lofti. Óstöðugleiki á gengisskráningu íslensku krónunnar svo ekki sé minnst á samgöngutruflanir vegna átaka á vinnumarkaðnum geta á stuttum tíma spilt þeim árangri sem náðst hefur nú þegar og vænta má í framtíðinni. Ennfremur ber að hafa í huga að náttúruspjöll af völdum okkar sjálfra eða erlendra gesta okkar geta haft alvarlegar afleiðingar hvað viðvíkur framtíð íslenskra ferðamála.

Margt er ógert á sviði landkynningar og almennrar uppbyggingar ferðaþjónustunnar á Íslandi. Við verðum að vinna markvisst og sameiginlega í fullri sátt að úrbótum og aukningu tekna af þjónustu við ferðafólk. Án þess náum við seint eða jafnvel aldrei þeim árangri sem við verðum að stefna að.

Reykjavík í júnímánuði 1985.

Birgir Þorgilsson, ferðamálastjóri.

Hönnun, setning, umsjón: Auglýsingastofan hf.
Prentun, filmuvinna: Grafík hf.
Bókband: Félagsbókbandið